

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b.t. Guðjóns Rúnarssonar  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. maí 1996

*Alþingi**Erindi nr. Þ 120/2079**komudagur 24/5 1996*

Vísað er til bréfs háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 14. þ.m., þar sem óskað er eftir því að ríkisskattstjóri svari tilteknum spurningum og veiti jafnframt ákveðnar upplýsingar. Fyrirspurnin er vegna umfjöllunar nefndarinnar um þingmál nr. 421 og 422 um skatt á fjármagnstekjur og þingmál nr. 428 og 429 um skatt á vaxtatekjur.

## 1. Spurningar:

### Spurning 1.1.

Telur ríkisskattstjóri fyrirbyggjandi frumvörp “stjórnarfrumvörpin” annars vegar og “formannafrumvörpin” hins vegar samrýmist eða falli vel að uppbyggingu laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, m.a. með tilliti til skilgreininga og notkunar á hugtökum eins og tekjum, vaxtatekjum, skattskyldu og þess að framangreind lög fjalla annars vegar um ákvörðun skatta og hins vegar um bráðabirgðagreiðslu upp í álagningu?

### Svar 1.1.

Lög um tekjuskatt og eignarskatt hafa í tímans rás tekið verulegum breytingum. Þróun tekjuskatts á þessari öld hefur verið hröð og oft hefur verið ráðist í lagabreytingar á vettvangi hans án þess að séð yrði fyrir hvernig þær gripu inn í einstaka þætti skattsýslunnar. Lögin hafa ekki að geyma eitt heildstætt kerfi álagningar. Mismunandi reglur eiga við um skattaðild, t.d. einstaklinga og félaga, eða manna með rekstur og launamanna. Aldur getur skipt máli o.s.frv. Sama er uppi á teningnum varðandi skattstofn og uppbyggingu. Loks hafa lögin að geyma ákvæði um bótagreiðsluhæfi, millifærsluleiðir og innheimtuþátt. Allt þetta gerir skattalögin misleit og ósamstæð um leið og þau hafa reynst ærið hvíkul að efni og innihaldi frá einum tíma til annars. Miðað við þessi framanlýstu einkenni laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, geta bæði fyrirbyggjandi stjórnarfrumvörpin og formannafrumvörpin fallið að skattalögum. Staðgreiðslulög nr. 45/1987 varða aftur á móti tiltölulega afmarkaðan þátt skattasviðsins og leiðir því af eðli máls að vandséð er hvernig hægt er að fella skattlagningu fjármagnstekna að efnislegri uppbyggingu þeirra. Sú stefna að hafa sérstakan lagabálk um afdrátt staðgreiðslu af fjármagnstekjum hlýtur því að teljast rétt. Jafnframt ber þó að hafa í huga meginreglur staðgreiðslunnar og tengja lagabálkana þannig saman að samhengið rofni ekki.

Um hugtakanotkun er það að segja að bæði frumvörpin byggja á hefðbundinni skilgreiningu vaxta sem skattstofns. Þegar farið er úr skattfrelsi yfir í beina skattskyldu með slíkar tekjur er ljóst að einhverjir þættir sem jafnvel hafa verið í löggjöf áratugum saman þarfnast þó nánari útlistunar eða nákvæmari skilgreiningar við en áður. Hér er nokkur munur á milli frumvarpanna tveggja. Í stjórnarfrumvarpinu virðist leitast við að fara nánar ofan í ýmsa liði vaxtatekjuhugtaksins en í formannafrumvarpinu er gert. Varðandi skilgreiningu teknanna sem slíkra er ekki mikill munur á frumvörpunum og gildandi reglum. Hvað varðar skattaðild er augljós munur þar sem stjórnarfrumvarpið tekur á ýmsum áður óskattskyldum lögaðilum en formannafrumvarpið gerir ráð fyrir óbreyttri skattaðild frá lögum nr. 75/1981.

Frá framkvæmdalegu sjónarmiði virðist útvíkkuð skattskylda ekki þurfa að valda neinum teljandi erfiðleikum þó að slíkt verði aldrei að fullu fyrir séð.

Um lokaþátt þessa töluliðar í fyrirspurninni er það að segja að bæði formannafrumvarpið og stjórnarfrumvarpið gera ráð fyrir bráðabirgðagreiðslu á staðgreiðsluárinu. Það frávik sem í stjórnarfrumvarpinu er að finna um að óskattskyldir aðilar, sjóðir og félög þurfi ekki að gera grein fyrir sér að tekjuári liðnu getur vart talist þess eðlis að það vegi þungt í framkvæmdinni.

#### Spurning 1.2.

Telur ríkisskattstjóri fyrirbyggjandi frumvörp vera “flókin” í framkvæmd og er þar munur á milli “stjórnarfrumvarpa” og “formannafrumvarpa”?

#### Svar 1.2.

Þegar spurt er hvort álíta megi að framkvæmd einhvers þáttar í skattálagningu og skattákvörðunum geti reynst flókin er því að jafnaði til að svara að öll stjórnarframkvæmd á þessum vettvangi er viðkvæm, viðamikil og á tíðum torsótt. Flest vandamál þessu viðkomandi leysast þó, enda séu skapaðar forsendur til þess, m.a. með löggjöf. Rétt er að víkja fyrst að vaxtaþætti frumvarpanna. Fyrirbyggjandi frumvörp hafa bæði það einkenni að upplýsingastreymi um vexti frá fjármálastofnunum er ekki sjálfvirkt til skattyfirvalda.

Formannafrumvarpið gerir reyndar ráð fyrir vissu upplýsingastreymi varðandi sérgreinda reikninga rekstraraðila og hinna ýmsu skattfrjálsu aðila. Hvort þessi áform létti skattframkvæmd eða einfaldi skal ósagt látið. Formannafrumvarpið vísar með beinum hætti um flesta framkvæmdaþætti staðgreiðslunnar til staðgreiðslulaga nr. 45/1987. Þetta þýðir að gjalddagar verða 12 á ári í stað eins samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Framkvæmdin verður því að vissu leyti flóknari samkvæmt formannafrumvarpinu en um leið skilar skatturinn sér fyrr og eftirliti verður betur viðkomið en ef einungis er einn gjalddagi og ein skilgrein að liðnu tekjuári. Í heildina séð má því ætla að ekki sé mikill munur á þessum frumvörpum í framkvæmd að því er varðar skattlagningu vaxta.

Rétt er að hafa í huga að “stjórnarfrumvörpin” taka til fleiri atriða en “formannafrumvörpin”, þ.e. þau taka til skattlagningar fjármagnstekna almennt en “formannafrumvörpin” taka einungis til skattlagningar á vöxtum. Bæði frumvörpin gera ráð fyrir því að skattlagning sú sem frumvörpin fjalla um fari eftir sérreglum en ekki eftir þeim reglum sem tekjur eru skattlagðar eftir samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Þrátt fyrir þetta telur ríkisskattstjóri að engin tæknileg vandamál séu því samfara að skattleggja fjármagnstekjur með þeim hætti sem frumvörpin gera ráð fyrir. Rétt er þó að taka fram að í þessu sambandi er við það miðað að gerðar verði breytingar á “stjórnarfrumvörpunum” eins og kynnt hefur verið fyrir efnahags- og viðskiptanefnd.

Eins og fram hefur komið taka “stjórnarfrumvörpin” til fleiri atriða en “formannafrumvörpin”, þ.e. þau taka til skattlagningar fjármagnstekna almennt en “formannafrumvörpin” taka einungis til skattlagningar á vöxtum. Af þessari ástæðu er ljóst að í upphafi verður flóknara að koma stjórnarfrumvörpunum í framkvæmd en formannafrumvörpunum.

### Spurning 1.3.

Telur ríkisskattstjóri að frumvörpin hafi eða geti haft í för með sér aukna hættu á skattasniðgöngu með þeim hætti að tekjum sem skattlagðar eru með almennum tekjuskatti, t.d. rekstrarhagnaður einstaklinga, reiknað endurgjald og launatekjur, verði umbreytt af skattalegum ástæðum í lægra skattlagðar tekjur, vexti, arð, söluhagnað og húsaleigu? Er munur á “stjórnarfrumvörpum” og “formannafrumvörpum” að þessu leyti?

### Svar 1.3.

Enginn vafi er á því að ef tiltekna tekjur eru skattlagðar með mun lægri skattprósentu en launatekjur mun það valda því að reynt verður að breyta launatekjum yfir í það form sem er skattlagt með lægri prósentu. Í dag er þetta vandamál fyrir hendi varðandi vexti. Ef vextir verða skattlagðir mun það vinna nokkuð gegn þessu vandamáli. Hins vegar er ljóst að ef allar fjármagnstekjur verða skattlagðar með mun lægri skattprósentu en launatekjur mun það örugglega hafa þau áhrif að þeir sem eiga þess kost munu taka út laun í formi vaxta, arðs eða leigu. Sá munur er á stjórnarfrumvörpunum og formannafrumvörpunum að bæði gera þau ráð fyrir skattlagningu vaxta sem eins og áður getur er til bóta. Hins vegar er í stjórnarfrumvarpinu gert ráð fyrir því að arður, leigutekjur og aðrar fjármagnstekjur verði skattlagðar með 10% skatti sem mun hafa það í för með sér í einhverjum mæli að launatekjur verða teknar út úr fyrirtækjum í formi fjármagnstekna.

### Spurning 1.4.

Þeir sem innheimta staðgreiðslu af fjármagnstekjum, en auk banka og annarra fjármálastofnana verða það allir aðilar sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu fyrir aðra. Í sumum tilvikum annast þeir álagningu skattsins án

eftirlits skattyfirvalda og framtala gjaldenda. Telur ríkisskattstjóri að frumvörpin hafi í för með sér hættu á skilasvikum, þ.e. að þessir aðilar dragi skattinn af greiðendum en skili honum ekki í ríkissjóð? Hafa frumvörpin fullnægjandi ákvæði um eftirlit að þessu leyti? Er munur á “stjórnarfrumvörpum” og “formannafrumvörpum” að þessu leyti?

**Svar 1.4.**

Rétt er að geta þess að bæði stjórnarfrumvörpin og formannafrumvörpin gera ráð fyrir því að skattlagning vaxta fari fram án þess að skattyfirvöld fái sjálfkrafa upplýsingar frá þeim sem draga skattinn af. Þetta er annmarki sem mun hafa áhrif á framkvæmd þessarar skattlagningar og eftirlit með henni. Eins og ríkisskattstjóri hefur skilið þetta mál verður ekki hjá því komist að skattyfirvöld annist álagningu þessa skatts og að afdregin staðgreiðsla sé fyrirframgreiðsla upp í væntanlegan álagðan skatt. Bent hefur verið á það að þetta atriði sé ekki nægjanlega skýrt í stjórnarfrumvörpunum og verða væntanlega gerðar breytingar á frumvörpunum af þessu tilefni. Ekki er teljandi munur á þessum frumvörpum að því er þetta varðar.

Spurt er hvort hætta sé á skilasvikum hjá skilaskyldum aðilum. Sú hætta hlýtur alltaf að vera fyrir hendi þegar skattyfirvöld fá ekki sundurliðaðar greinargerðir um vaxtatekjur einstakra vaxtaþega. Þetta vandamál er til staðar í báðum frumvörpunum enda eru skilaskyldir aðilar þeir sömu í báðum frumvörpunum.

**Spurning 1.5.**

Samkvæmt “stjórnarfrumvörpum” á að draga staðgreiðsluskatt af vaxtagreiðslum til lögaðila, sem ganga á upp í álögð opinber gjöld, en á væntanlega að endurgreiðast þeim sem engin slík gjöld greiða. Sama gildir um skatt af vaxtatekjum einstaklinga sem tengjast atvinnurekstri þeirra. Hversu stór hluti þessara aðila og hversu margir bera ekki önnur opinber gjöld og ættu því að fá vaxtaskattinn endurgreiddan? Hversu umfangsmikil og flókin er þessi endurgreiðsla. Er skattkerfið í stakk búið til að annast hana og hvað mun hún kosta? Er hætta á að þetta verði til þess að svíkja út fé með því að gefin verði ranglega upp staðgreiðsla af vöxtum til aðila sem ekki ber nein opinber gjöld og hún endurgreidd?

**Svar 1.5.**

Samkvæmt upplýsingum úr skattgögnum fyrir tekjuárið 1994 (skattframtal 1995) er fjöldi lögaðila á skrá 10.991. Af þessum fjölda er 3.875 með tekjuskatt og eignarskatt bera 4.248 og tryggingagjald bera 7.986. Í landinu eru 26.563 einstaklingar sem reikna sér endurgjald og eru því í einhvers konar rekstri.

Ætla má að langflestir rekstraraðilar séu með einhverjar vaxtatekjur. Ljóst er af framangreindum upplýsingum að um mjög marga aðila er að ræða sem fá skattinn endurgreiddan eða hann dreginn af öðrum opinberum gjöldum.

Væntanlega verður skattfrankvæmdin þannig að því er stjórnarfrumvarpið varðar að þessir rekstraraðilar munu gera grein fyrir afdrætti vaxtaskatts á skattframtali. Skattyfirvöld hafa ekki við annað að styðjast en þessar framtöldu upplýsingar. Þessar upplýsingar eru skráðar áður en álagning fer fram. Vaxtaskattur dreginn frá álagningu eða eftir atvikum endurgreiddur.

Alltaf er hættu á svikum þar sem skattyfirvöld geta ekki sannreynt þessar upplýsingar nema með nokkurri fyrirhöfn.

Tæknilega er þetta vel framkvæmanlegt. Kostnaður ekki mjög mikill. Hér yrði um að ræða aukna vinnu við að skrá þessar upplýsingar og breytingar á tölvukerfum. Hins vegar verður skatteftirlit með þessu lítið og það mál leysist ekki fyrir en sjálfvirk upplýsingagjöf kemur frá bönkum og öðrum fjármálastofnunum.

#### Spurning 1.6.

Samkvæmt “stjórnarfrumvörpum” á staðgreiðsla af vaxtatekjum og arði að vera endanleg álagning. Þessi álagning er framkvæmd utan skattkerfisins og upplýsingar um afdregna staðgreiðslu einstaklinga eiga ekki að berast skattyfirvöldum. Engu að síður skal óráðstöfuðum persónuafslætti ráðstafað til að greiða skatt sem lagður er á fjármagnstekjur. Telur ríkisskattstjóri þetta framkvæmanlegt og ákvæði frumvarpanna fullnægjandi?

#### Svar 1.6.

Ríkisskattstjóri hefur eins og fram kemur hér að framan skilið stjórnarfrumvörpin svo að fyrirkomulag skattheimtunnar sé þannig að meginreglan sé að um bráðabirgðagreiðslur á vaxta- og arðstekjum sé að ræða en álagning fari svo fram síðar. Örfáar undantekningar eru frá þessu. Í 2. mgr. 2. gr. stjórnarfrumvarps um staðgreiðslu kemur fram að staðgreiðsla lögaðila sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sé fullnaðargreiðsla og ekki þurfi að koma til álagningar.

Þetta þyrfti að koma skýrar fram í staðgreiðslustjórnarfrumvarpi en ríkisskattstjóri hefur lagt til við fjármálaráðuneytið að breyting verði á 1. gr. þessa frumvarps þannig að bætt verði við 1. mgr. greinarinnar að “staðgreiðsla samkvæmt þessum lögum er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts nema annað sé tekið fram”.

Eins og áður hefur komið fram ber vaxtaþegum að gera grein fyrir á skattframtali innstæðum og kröfum eins og verðgildi þeirra er í árslok. Jafnframt ber þeim að gera grein fyrir vaxtatekjum. Skattstjóri leggur á þessar tekjur og tekur tillit til staðgreiðslu. Sé um aðila að ræða sem ekki nýta sinn persónuafslátt fá þeir skattinn að hluta eða öllu leyti endurgreiddan.

Spurt er hvort þetta sé framkvæmanlegt og ákvæði frumvarpanna fullnægjandi. Þetta er framkvæmanlegt með því að treysta á staðgreiðsluupplýsingar framteljenda. En eins og áður hefur verið bent á þá verður þetta ekki

fullnægjandi fyrir en sjálfvirk upplýsingagjöf liggur fyrir frá þeim sem draga skattinn af.

**Spurning 1.7.**

Samkvæmt “stjórnarfrumvörpunum” á að vera heimilt að “mótreikna” tapaða vexti, sem skattur hefur verið reiknaður af, við fjármagnstekjur (orðalag frumvarps). Reikningur skatts af vöxtunum fer fram utan skattkerfisins og upplýsingar um afdregna staðgreiðslu einstaklinga eiga ekki að berast skattyfirvöldum. Engu að síður skal mótreikningur ganga á móti framtöldum fjármagnstekjum sem sæta álagningu. Telur ríkisskattstjóri þetta framkvæmanlegt og ákvæði frumvarpanna fullnægjandi?

**Svar 1.7.**

Spurst er fyrir um 5. gr. “stjórnarfrumvarpsins” en sú grein er breyting á 30. gr. laga nr. 75/1981 er fjallar um frádrátt frá bæði launa- og eignatekjum.

Það hefur verið skoðun ríkisskattstjóra að orðalag b-liðar þessarar greinar sé ónákvæmt. Því hefur hann lagt til breytingu á henni. Ríkisskattstjóri telur að 1., 2., 3. og 4. másl. greinarinnar gæti orðast þannig:

“Nú verður greiðslufall á kröfu sem vextir hafa verið reiknaðir af og frestast þá greiðsla skatts af slíkum vöxtum. Heimilt er að mótreikna tapaða vexti við fjármagnstekjur hafi skattur þegar verið greiddur af vöxtunum. Skal það gert á því ári þegar sýnt er fram á að krafa sem vextir voru reiknaðir af, fæst ekki greidd og skal gera grein fyrir henni í skattframtali viðkomandi tekjuárs. Með sama hætti fer um aðrar fjármagnstekjur þó ekki um söluhagnaðartekjur aðrar en söluhagnaðartekjur af hlutabréfum.”

Í síðustu málsliðum 5. greinar stjórnarfrumvarpsins er rætt nánar um “mótreikning”. Ríkisskattstjóri skilur þessi ákvæði þannig að sé um að ræða tapaðar fjármagnstekjur sem hafa verið tekjufærðar og skattur reiknaður af megi færa til frádráttar öðrum fjármagnstekjum á því ári sem sýnt er fram á að þær séu endanlega tapaðar. Séu fjármagnstekjur á því ári engar eða lægri en töpuðu fjármagnstekjurnar myndast mótreikningur sem yfirfæra má til næstu fimm ára.

Ríkisskattstjóri telur að það geti verið ýmsum vandkvæðum bundið að halda utan um slíkt kerfi. Allt að einu skapar þetta ýmsa erfiðleika í skattframkvæmdinni.

Samkvæmt skilningi ríkisskattstjóra mun álagning fara fram á vaxta- og arðstekjur, en þar sem skattyfirvöld fá ekki sundurliðaðar upplýsingar frá skilaskyldum aðilum verður að treysta á upplýsingar um afdrátt þessara tekna frá framteljendum sjálfum.

Telja verður þó að þessi ákvæði séu framkvæmanleg.


**Spurning 1.8.**

Hvaða skattaleg áhrif hefur það að íslenskur skattborgari varðveitir peningalega eign sína erlendis? Er munur þar á eftir því hvort til staðar er tvísköttunarsamningur við viðkomandi land eða ekki?

**Svar 1.8.**

Þó svo að íslenskur skattborgari varðveiti peningalega eign sína erlendis á hann að telja tekjurnar fram á Íslandi og borga af þeim skatt ef íslensk lög kveða á um slíka skattlagningu. Sú staða getur komið upp að tekinn sé skattur af vöxtum eða arði í því landi sem greiðslan á rætur að rekja til og skiptir þá máli hver skattprósentan er. Samkvæmt 117. gr. laga nr. 75/1981 er ríkisskattstjóra heimilt að lækka skattgreiðslur hér á landi ef tekjur hafa verið skattlagðar erlendis. Tvísköttunarsamningar gera það oft að verkum að upprunaland vaxta eða arðs sleppir skattlagningu og tekjur skattleggjast allar í heimalandi skattþegns. Þetta er þó ekki alveg einhlítt. Þess eru dæmi að slíkir samningar geri ráð fyrir vissum afdrætti skatts af vöxtum og arði. Slíkur afdreginn skattur ef til kæmi yrði þá á grundvelli tvísköttunarsamninga dreginn frá útreiknuðum skatti á sömu vaxtatekjurnar hér á landi.

Virðingarfyllt,



Snorri Olsen,  
ríkisskattstjóri.

## Stjórnarfrumvörp

### Spurning 2.1

#### Hjón

	1. tíund	2. tíund	3. tíund	4. tíund	5. tíund
Heildartekjur	5 344 941 206	8 204 813 305	9 953 485 539	11 681 357 083	13 398 930 229
Vaxtatekjur skv. framtölum sbr. 2.1.1.	57 346 048	96 898 301	115 673 193	120 246 896	106 521 120
Áætl. vaxtaskattur	0	9 689 830	11 567 319	12 024 690	10 652 112
Vaxtatekjur skv. 2.1.2.	114 692 096	193 796 602	231 346 386	240 493 792	213 042 240
Áætl. vaxtaskattur	0	19 379 660	23 134 639	24 049 379	21 304 224
Vaxtatekjur skv. 2.1.3.	273 823 315	313 375 568	332 150 460	336 724 163	322 998 387
Áætl. vaxtaskattur	0	31 337 557	33 215 046	33 672 416	32 299 839

#### Einhleypingar

Heildartekjur	688 719 399	2 305 123 479	3 920 721 455	5 478 376 298	6 575 779 262
Vaxtatekjur skv. framtölum sbr. 2.1.1.	6 400 505	16 161 395	24 146 578	33 104 483	44 373 447
Áætl. vaxtaskattur	0	0	0	0	4 437 345
Vaxtatekjur skv. 2.1.2.	12 801 010	32 322 790	48 293 156	66 208 966	88 746 894
Áætl. vaxtaskattur	0	0	0	0	8 874 689
Vaxtatekjur skv. 2.1.3.	111 988 603	121 749 493	129 734 676	138 692 581	149 961 545
Áætl. vaxtaskattur	0	0	0	0	14 996 155
Áætl. tekjur af vöxtum samtals skv. 2.1.1.	308 349 465				
Áætl. tekjur af vöxtum samtals skv. 2.1.2.	616 698 928				
Áætl. tekjur af vöxtum samtals skv. 2.1.3.	566 531 866				

Erfitt er að meta hvornig ónýttur persónuafsláttur komi til með að nylast á mót vaxtaskatti, m. a. hvornig hann komi til með að dröfast á viðkomandi tekjubíl. Gera má þó ráð fyrir því að hjón sem eru í fyrstu tekjuliundinni komi ekki til með að greiða vaxtaskatt og einstaklingar sem eru í fyrstu fjöllum tekjuliundunum ekki heldur. Setja verður þó fyrirvara við þessa niðurstöðu vagna akveðnar óvissu sem eru um dröfingu á ónýttum persónuafslátti eins og fram kemur hér að ofan.



6. tiund	7. tiund	8. tiund	9. tiund	10. tiund	Samtals
15.208.571.099	17.227.909.956	19.730.674.199	23.386.365.763	34.968.997.287	159.106.045.666
102.395.638	110.251.718	135.254.717	188.390.659	1.131.794.380	2.164.772.670
10.239.564	11.025.172	13.525.472	18.839.066	113.179.438	210.742.662
204.791.276	220.503.436	270.509.434	376.781.318	2.263.588.760	4.329.545.340
20.479.128	22.050.344	27.050.943	37.678.132	226.358.876	421.485.324
318.872.905	326.728.985	351.731.984	404.867.926	1.348.271.647	4.329.545.340
31.887.291	32.672.899	35.173.198	40.486.793	134.827.165	405.572.204
7.686.298.786	9.069.124.305	10.941.076.347	14.043.358.348	23.860.103.287	84.568.680.966
79.894.030	96.073.660	126.587.576	165.534.648	463.604.662	1.055.880.984
7.989.403	9.607.366	12.658.758	16.553.465	46.360.466	97.806.803
159.788.060	192.147.320	253.175.152	331.069.296	927.209.320	2.111.761.964
15.978.806	19.214.732	25.317.515	33.106.930	92.720.932	195.213.604
185.482.128	201.661.758	232.175.674	271.122.746	569.192.760	2.111.761.964
18.548.213	20.166.176	23.217.567	27.112.275	56.919.276	160.959.662

## Stjórnarfrumvörp

### Spurning 2.2.

#### Hjón

	1. tölund	2. tölund	3. tölund	4. tölund	5. tölund
Heildartekjur	5 344.941.206	8 204 813.305	9 953.485.539	11 681.357 083	13 398 930 229
Arður af hlutabréfum samkvæmt framt.	10 519 804	12 355 342	22 167 296	22 297 975	30 293 701
Frádr. arður af hlutabréfum	8 050 607	8 596 938	16 038 785	16 293 277	19 945 458
Nettóskaftsstofn af arði	2.469.197	3 758.404	6 128.511	6 004.698	10 348.243
Skattstofn af tekjum af fasteignum	41.163.626	28 974.192	24.160.454	22.004.455	17.588.705
Skattstofn af söluhagnaði	3 835 869	7 620.805	9 054 999	6 368.064	7 476.922
Samtals stofnar	47 468 692	40.353.401	39.343.964	34.377 217	35 413 870

#### Einhleypingar

Heildartekjur	688 719.399	2 305 123.479	3 920 721.455	5.478.376.298	6 575.779.262
Arður af hlutabréfum samkvæmt framt.	2 111 064	2 051.003	4 272 372	4 079 005	4 427.115
Frádr. arður af hlutabréfum	1 825 287	1 431.717	2 648.440	2 487.175	2 812.354
Nettóskaftsstofn af arði	285 777	619.286	1.623.932	1 591.830	1 614 761
Skattstofn af tekjum af fasteignum	11.213.410	13 233.077	19.742.209	15 481.818	14 470 305
Skattstofn af söluhagnaði	313.029	953.522	2 218.085	2 564 050	2 445 948
Samtals stofnar	11 812 216	14 805 885	23.584 226	19 637.698	18 531.014

Hér eru sýndir skattstofnar vagna arðstekna, tekna af fasteignum og söluhagnaðar.

6. tiund	7. tiund	8. tiund	9. tiund	10. tiund	Samtals
15.208.571.099	17.227.909.956	19.730.674.199	23.386.365.763	34.968.997.287	159.106.045.666
32.357.150	36.249.923	48.396.985	81.527.032	318.819.586	614.984.794
22.374.252	27.834.157	37.413.961	53.248.077	140.941.929	350.737.441
9.982.898	8.415.766	10.983.024	28.278.955	177.877.657	264.247.353
18.007.262	22.051.963	22.876.450	32.923.870	55.426.209	285.177.186
10.911.017	12.982.747	23.218.457	33.780.407	118.737.154	233.986.441
38.901.177	43.450.476	57.077.931	94.983.232	352.041.020	783.410.980
7.686.298.786	9.069.124.305	10.941.076.347	14.043.358.348	23.860.103.287	84.568.680.966
8.345.277	11.638.741	12.136.453	27.318.942	136.905.256	213.285.228
5.406.856	7.010.978	7.535.034	11.593.378	32.718.191	75.469.410
2.938.421	4.627.763	4.601.419	15.725.564	104.187.065	137.815.818
15.245.581	22.210.231	22.673.899	30.973.442	49.544.502	214.788.474
4.582.392	5.008.430	7.976.992	13.125.611	63.801.288	102.989.347
22.766.394	31.846.424	35.252.310	59.824.617	217.532.855	455.593.639

Meðfylgjandi eru svör við þeim upplýsingum sem óskað var eftir að embætti ríkisskattstjóra léti Efnahags - og viðskiptanefnd Alþingis í té, í fyrirspurn dags. 14. maí 1996.

Taka verður allar þær upplýsingar er fram koma hér með miklum fyrirvara og varast ber að draga of miklar ályktanir af þeim, m.a. vegna þeirra forsendna sem þær eru byggðar á.

## 2.1.

Ríkisskattstjóri treystir sér ekki til að meta áhrifin af "formannafrumvarpinu" vegna skorts á forsendum. Ef háttvirt Efnahags- og viðskiptanefnd gefur forsendurnar er embættið að sjálfsöggðu reiðubúið til að reikna áhrifin miðað við þær. Í þessu sambandi skal tekið fram að gefa þarf sér einhverjar forsendur um fjölda gjaldanda yfir frítekjumarki og með hvaða hætti skuli dreifa þeim á viðkomandi tekjubil, jafnframt hvernig skuli ákveða vaxtatekjur yfir frítekjumarki og með hvaða hætti þær dreifast og að auki hvernig ónýttur persónuafsláttur skuli meðhöndlast í þessu sambandi. Meðfylgjandi er yfirlit vegna stjórnarfrumvarps.

## 2.2.

Sjá meðfylgjandi töflu. Í töflunni eru sýndir skattstofnar vegna arðstekna, tekna af fasteignum og söluhagnaðar.

## 2.3.

Eins og fram kemur í töflu við svari við spurningu 2.2, eru skattstofnar af fjármunatekjum þeim er þar um ræðir samtals um kr. 1,2 milljarðar króna. Ef miðað er við útsvarsprósentu í innheimtu staðgreiðslu skatta á árinu 1996, þ.e. 8.79%, myndu útsvarstekjur sveitarfélaganna lækka um 105 milljónir króna samkvæmt frumvarpi stjórnarflokkanna.

Eins og fram kemur í svari við spurningu 2.1 treystir ríkisskattstjóri sér ekki til að meta áhrifin samkvæmt "formannafrumvarpinu" nema gefnar séu tilteknar forsendur.

## 2.4.

Skattstofn af reiknuðu endurgjaldi er 16,5 milljarðar kr. (miðað við gjaldárið 1995 að teknu tilliti til breytinga sem gerðar hafa verið eftir álagningu).

Skattstofn af hreinum rekstrartekjum nemur kr. 5,7 milljörðum kr. (miðað við gjaldárið 1995 að teknu tilliti til breytinga sem gerðar hafa verið eftir álagningu).

Tekjuskattur þeirra sem eru með reiknað endurgjald og/eða hreinar rekstrartekjur nemur gróflega áætlað u.þ.b. 5,4 milljörðum króna \*. Ef einum þriðja af reiknuðu endurgjaldi og hreinum rekstrartekjum er umbreytt yfir í arð, söluhagnað og húsaleigu, má gera ráð fyrir því að tekjuskattur myndi lækka um 1,1 milljarð kr., miðað við þær forsendur sem gefnar eru.

Við álagningu gjaldárið 1995 var stofn til tryggingagjalds af reiknuðu endurgjaldi kr. 15,6 milljarðar króna. Þar af var 10,1 milljarður í hærra gjaldstigi en 5,5 milljarður í

lægra. Árið 1996 er tryggingagjald í hærri gjaldstofni 6,93% en í lægra 3,63%. Ef gengið er út frá því að umrædd lækkun á reiknuðu endurgjaldi sé skipt þannig að lægri gjaldstofn lækki um 1/3 og hærri gjaldstofn um sama hlutfall, má reikna með að álagt tryggingagjald lækki um rúmlega 300 milljónir króna. Rétt þykir að taka fram hér að sé rekstrarformi breytt úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag má gera ráð fyrir því að eigandi greiði sér áfram laun og tryggingagjald af þeim.

\* Forsendur:

Gjaldendur voru flokkaðir á tekjubíl þannig að mismunur á hverju bili og milli bila var kr. 125.000, þ.e.a.s. frá 0 til 125.000, 125.001 til 250.000 o.s.frv. Reiknaður var út meðaltekjuskattur allra gjaldenda á viðkomandi tekjubíli og hann margfaldaður með fjöldi þeirra aðila sem voru með reiknað endurgjald á tekjubílinu eða fjölda þeirra aðila sem voru með hreinar rekstrartekjur, eftir því í hvorum flokki voru fleiri aðilar.

## 2.5.

Skoðuð voru samtals 40 hlutafélög, 28 af 100 tekjuhæstu hlutafélagunum og auk þess 12 hlutafélög sem ekki greiddu tekjuskatt en voru með háa heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa og því hátt jöfnunarverðmæti.

Geta má þess að um helmingur af tekjuhæstu hlutafélagunum voru stofnuð eftir 1978 og því almennt með lága heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa þannig að arðgreiðslur þeirra félag myndu breytast lítið.

Ef þessi 40 félög hefðu greitt 10% arð af jöfnunarverðmæti í stað nafnverðs hefði tekjuskattslækkun og myndun yfirfæranlegs rekstrartaps samtals numið 827 milljónum króna.

Mjög erfitt er að meta áhrifin á tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti á lögaðila alls, þar sem mikil óvissa ríkir um hve mörg félög myndu greiða út hærri arð og að hve miklu leyti og eins að hve miklu leyti myndun yfirfæranlegs rekstrartaps myndi nýtast á næstu árum.

## 2.6.

Aukin arðgreiðsla v/10% arðs af jöfnunarverðmæti í stað nafnverðs í félagunum 40 sbr. 2.5. myndi hækka tekjuskattsstofn hluthafanna um 2,5 milljarða.

Skv. núgildandi lögum er tekjuskatts- og útsvarsprósentan 41,94% og einnig getur komið til 5% hátekjuskattur. Erfitt er að áætla hve mikið tekjuskatturinn myndi hækka hjá hluthöfum, þar sem ekki er vitað í hvaða tekjubíli viðkomandi hluthafar eru og eins hverjir eiga ónýttan persónuafslátt.

## 2.7.

Upplýsingar eru fyrir hendi um jöfnunarverðmæti 13 af 35 félagum sem skráð voru á Verðbréfaþingi og Opna tilboðsmarkaðnum í árslok 1995.

Við ákvörðun á markaðsverði er miðað við skráð gengi hlutabréfa 31/12 1995 og það margfaldað með heildarhlutafé í árslok 1994.

Samanlagt markaðsverð þessara félaga nemur 31.110.375.155 kr. og samanlagt jöfnunarverðmæti 32.161.973.031 kr.

Jöfnunarverðmæti er nafnverð hlutabréfa að viðbætti heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa, en það er önnur skilgreiningin á kaupverði í nágildandi 17. gr. við

ákvörðun á söluhagnaði eða sölutapi af hlutabréfum. Skv. stjórnarfrumv. yrði kaupverðið áfram ákvarðað þannig hjá félögum sem stofnuð voru fyrir gildistöku laga þessara. Að því leyti yrði söluhagnaður því óbreyttur en tekjuskattsprósentan myndi lækka og einnig yrði skv. frumvarpinu hægt að nýta sölutap af hlutabréfum á móti söluhagnaði á næstu 5 árum.

Hjá þessum 13 félögum er jöfnunarverðmætið (kaupverðið) 1.051 597.876 kr. hærra en samanlagt markaðsverð (söluverð). Af þeim eru 7 sem eru með markaðsverð hærra en jöfnunarverð ( 4.968.551.697 kr.) en 6 með jöfnunarverð hærra en markaðsverð (6.020.149.573 kr.).